

Samþykkt sambandsstjórnar Samiðnar um stöðu kjarasamninga

Kjararáð rauf friðinn

Þegar kjarasamningur Samiðnar við SA var undirritaður í maí 2016 var samið til lengri tíma en áður hafði þekkst. Ástæðan var aukin trú á að framundan væri tímabil efnahagslegs stöðugleika og vaxandi kaupmáttar. Bæði þessi markmið hafa gengið eftir, tekist hefur að endurheimta kaupmátt launa sem var við líði fyrir hrunið árið 2008 og verðbólga hefur verið innan verðból gumarkmiða Seðlabanka Íslands.

Kjarasamningar sem gerðir hafa verið á tímabilinu hafa í meginráttum verið innan samningsmarkmiða. Úrskurðir kjararáðs sem hafa verið kveðnir upp síðustu misseri hafa ekki fylgt þeim megin línunum sem lagt var upp með árið 2016.

Úrskurðir kjararáðs um laun æðstu ráðamanna ríkisins og þingmanna hafa leitt til þess að laun þeirra hafa hækkað langt umfram það sem aðrir hafa átt kost á.

Úrskurðir kjararáðs hafa rofið friðinn og þá sátt sem stefnt var að með kjarasamningunum 2016, sátt sem byggðist á að allir semdu innan fyrirfram ákveðinna marka. Að rjúfa sáttina er alvarlegur atburður sem hlýtur að kalla á viðbrögð af hálfu stéttarfélaganna.

Reykjavík, 12. janúar 2018